

Reglur um auglýsingaskilti í íþróttahúsum og á íþróttasvæðum Ísafjarðarbæjar.

1. gr.

Íþróttafélög innan Ísafjarðarbæjar, sem hyggjast sækja um uppsetningu á auglýsingaskiltum í íþróttahúsum eða við íþróttasvæði (velli) í sveitafélaginu skulu sækja um heimild til forstöðumanns viðkomandi íþróttamannvirkis.

2. gr.

Forstöðumaður íþróttamannvirkis tekur ákvörðun um fjölda skilta bæði á veggum og gólf í viðkomandi mannvirki. Komi upp ágreiningur milli forstöðumanns og íþróttafélags, um fjölda og gerð auglýsingaskilta, skal honum vísað til íþróttá- og tómstundaneftndar Ísafjarðarbæjar.

3. gr.

Íþróttafélag ber ábyrgð á auglýsingaskiltum, sem sett er upp í nafni þess. Í því fellst m.a. uppsetning og viðhald á skiltum og að fjarlægja þau að ósk forstöðumanns viðkomandi stofnunar. Einnig að fjarlægja auglýsingar af gólfum er viðhald á þeim fer fram. Skemmdir á húsnæði, veggjum og/eða gólfum, sem rekja má til auglýsinga, greiðist af íþróttafélagi sem í hlut á.

4. gr.

Samráð skal haft við forstöðumann íþróttamannvirkis um þann tíma sem auglýsingaskilti eru uppi.

5. gr.

Texti og gerð auglýsingarskilta skal taka mið af þeirri starfsemi sem fer fram í íþróttamannvirkjum bæjarins og forvarnarstefnu sveitafélagsins.

6. gr.

Etirlitsmaður með þessum reglum og framkvæmd þeirra er íþróttá- og tómstundafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

7. gr.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi íþróttá- og tómstundaneftnd Ísafjarðarbæjar þann 00. maí 2007 og staðfestar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 00. maí 2007.

Ísafirði 9. maí, 2007

Íþróttá- og tómstundaneftnd

Guðný Stefanía Stefánsdóttir, form.